

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Skipulagsstofnun hefur borist erindi þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi. Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa almenna umsögn um tillöguna á þessu stigi málsins.

Höfundur: Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir/iris.h.bjarnadottir@skipulag.is

Sent inn þann: 08.01.2025 , **Fyrir hönd:** Skipulagsstofnun

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemdir við breytt skipulag.

Höfundur: Sigurður Arnar Jónsson/sigurdura@isafjordur.is

Sent inn þann: 08.01.2025 , **Fyrir hönd:** Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Ísafjarðarbæjar þar sem óskað er eftir umsögn vegna deiliskipulagsbreytingar. Fornleifaskráning er frá 2002 og uppfyllir ekki staðla MÍ. Ekki er hægt að veita umsögn fyrr en fornleifaskráning hefur verið uppfærð og staðfest af MÍ.

Höfundur: Lísabet Guðmundsdóttir/lisabet@minjastofnun.is

Sent inn þann: 08.01.2025 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Á svæðinu eru lagnir í eigu Mílu. Við óskum eftir að haft verði samráð við okkur þegar til framkvæmda kemur.

Höfundur: Bragi Már Bragason/bragib@mila.is

Sent inn þann: 08.01.2025 , **Fyrir hönd:** Míla

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Vill koma á framfæri að hafa samráð við íbúa Seljalands og mögulega Skógarbrautar þegar kemur að því að ákveða hverskonar byggingar komi utan um jarðhitaleitina og holurnar. Svona eftir að hafa séð græna vegginn í Reykjavík ??

Höfundur: Raket Sylvía Björnsdóttir/raketbjorns@gmail.com

Sent inn þann: 13.01.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Samkvæmt lýsingu stendur til að hitaveituvatni verði dælt til núverandi kyndistöðva og þar verði skerpt á því með varmadælum áður en því er dreift til heimila. Ekki kemur fram hvort varmadælur verða í dælustöðvum. Mikilvægt er, þar sem ekki er boðið upp á varmaveitu í hverfinu umhverfis holurnar, að gert verði ráð fyrir að hús í hverfinu njóti nálægðar við varmauppspennu og að í boði verði hitaveita innan hverfisins með eða án varmadælu. Þá er mjög mikilvægt að gætt verði að hljóðvist í hverfinu með góðri hljóðeinangrun utan um dælubúnað, og varmadælur eftir atvikum, þannig að ekki verði viðvarandi suð eða annar hávaði af dælingu og varmaskiptum. Þá skiptir útlit borholuhúsa og dælustöðva verulegu máli og því er lagt til að bygginganefndarteikningar skuli fara í grenndarkynningu áður en byggingarleyfi er gefið út. Við frekari jarðhitaleit verði gætt að því að hávaðamengun vegna hennar sé bundin við almennan vökutíma og/eða í samráði við íbúa í næstu húsum.

Höfundur: Björn Davíðsson/bd@snerpa.is

Sent inn þann: 17.01.2025, **Fyrir hönd:**

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Snerpa á fjarskiptalagnir á svæðinu og óskað er samráðs þegar kemur að framkvæmdum.

Höfundur: Björn Davíðsson/bd@snerpa.is

Sent inn þann: 17.01.2025 , **Fyrir hönd:**

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Sigurður Friðgeir Friðriksson/sff@vegagerdin.is

Sent inn þann: 22.01.2025 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Vestursvæði



Ísafjarðarbær

B.t. Helga Þuríður Magnúsdóttir
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstæri 1,
400 Ísafjörður

Efni: Seljalandshverfi, Ísafirði – tillaga að breytingu á deiliskipulagi. Mál nr. 15/2025

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Ísafjarðabæjar dags. 13. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar er varðar tillögu að breytingu á deiliskipulagi, málsnúmer 15/2025.

Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að heimila nýtingu jarðhitavatns og frekari jarðhitaleit ásamt nauðsynlegum innviðum vegna nýtingar jarðhitans. Markmið breytingarinnar er einnig að tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og að vanda verði til umhverfisfrágangs.

Byggingarmagn íbúðarhúsa minnkar frá gildandi skipulagi en í skipulaginu er gert ráð fyrir að mögulegt verði að nýta hluta svæðisins ofan Skógarbrautar fyrir íbúðarbyggð að lokinni jarðhitaleit.

Nánar er fjallað um áhrif jarðhitanytingar og innviða vegna hennar í aðalskipulagsbreytingu sem unnin er samhliða deiliskipulagsbreytingunni.

Vegagerðin hefur kynnt sér tillögu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum í fyrirhugaðri breytingu og gerir ekki athugasemd.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Helga Þuríður Magnúsdóttir/helgathuridur@isafjordur.is

Sent inn þann: 05.02.2025 , **Fyrir hönd:** Umhverfis- og orkustofnun

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

Reykjavík, 3. febrúar 2025
UOS2501071

Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi í Seljalandshverfi í Ísafjarðarbæ vegna nýtingar jarðhita, mál nr. 15/2025

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 7. janúar 2025 þar sem óskað var umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um breytingu á deiliskipulagi í Seljalandshverfi í Ísafjarðarbæ vegna nýtingar jarðhita.

Samkvæmt erindinu er markmið deiliskipulagsbreytingarinnar að heimila nýtingu jarðhitavatns og frekari jarðhitaleit ásamt nauðsynlegum innviðum vegna nýtingar jarðhitans. Markmið breytingarinnar er einnig að tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og að vanda verði til umhverfisfrágangs.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að forveri hennar, Orkustofnun, gaf út rannsóknarleyfi vegna jarðhitaleitar á svæðinu, leyfisnúmer OS-2023-L019-01.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar (áður Orkustofnunar) hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögnum. Slíkt leyfi þarf að liggja fyrir áður en nýting hefst.

Þá er bent á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir jarðhitanytingu þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Löggin ná yfir grunnvatn (bæði kalt og heitt) og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, lón, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Þá bendir Umhverfis- og orkustofnun á að gefið hefur verið út leiðbeiningarritið *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*² um það hvernig beri að framkvæma slíkt mat.

Fram kemur í 28. gr. laga nr. 36/2011 að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

² [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

Umhverfis- og orkustofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegt áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Einnig vísast til umsagnar sem Umhverfisstofnun veitti um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 fyrir Seljalandshverfi vegna nýtingar jarðhita.³

F.h. Umhverfis- og orkustofnunar

Virðingarfyllst,

María Guðmundsdóttir

sérfræðingur

Edda S. Freysteinsdóttir

sérfræðingur

³ [Umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 fyrir Seljalandshverfi vegna nýtingar jarðhita.](#)

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Bolungarvíkurkaupstaður gerir ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi

Höfundur: Finnbogi Bjarnason/finnbogi@bolungarvik.is

Sent inn þann: 07.02.2025 , **Fyrir hönd:** Bolungarvíkurkaupstaður

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Ingvar Atli Sigurðsson/ingvar@ni.is

Sent inn þann: 07.02.2025, **Fyrir hönd:** Náttúrufræðistofnun Íslands



Ísafjarðarbær

Helga Þuríður Magnúsdóttir

Hafnarstræti 1

400 ÍSAFJÖRÐUR

Garðabær, 7.2.2025

Málsnúmer: 202501-0053/54

IAS

Efni: Seljalandshverfi, nýting jarðhita. Breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Vísað er til erinda Ísafjarðarbæjar, sem bárust þann 7. janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögnum Náttúrufræðistofnunar um breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna nýtingar jarðhita í Seljalandshverfi.

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi og á deiliskipulagi Seljalandshverfis á Ísafirði. Marmið skipulagsbreytinganna er að heimila nýtingu jarðhitavatns og frekari jarðhitaleit ásamt nauðsynlegum innviðum vegna nýtingar jarðhitans. Marmið breytinganna er einnig að tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og að vandað verði til frágangs.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn á fyrri stigum og ítrekar hér að fyrirhuguð lagnaleið liggur um svæði sem er á náttúruminjaskrá, svæði 317: „Fjörur í Botni Skutulsfjarðar“ og nýtur hverfisverndar (H6). Um er að ræða víðáttumiklar, lífauðugar leirur með miklu fuglalífi. Ef ekki er unnt að finna aðra leið fyrir lagnirnar þarf að tryggja að raski verði haldið í lágmarki og vel verði gengið frá að framkvæmdum loknum. Þá þarf að tryggja að heitt affallsvatn berist ekki í Tunguá og út á leirurnar framan við ósa árinna.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Rut Kristinsdóttir/rut@landsnet.is

Sent inn þann: 10.02.2025 , **Fyrir hönd:** Landsnet

Ísafjarðabær
Helga Þuríður Magnúsdóttir

10. febrúar 2025
2025-01-19/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um vinnslutillögu deiliskipulagsbreytingar í Seljalandshverfi.

Landsneti barst, þann 7.janúar 2025, beiðni um að veita umsögn vinnslutillögu deiliskipulagsbreytingar vegna nýtingu jarðhita í Seljalandshverfi, Ísajarðarbæ, mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgáttinni. Umsagnafrestur er til 17. febrúar 2025.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Ísafjarðarlína 1, liggur um og/eða í jaðri þess svæðis sem skipulagsbreytingin er fyrirhuguð, utan skipulagssvæðisins sem loftlína en innan svæðisins sem jarðstrengur. Í vinnslutillögunni er gerð góð grein fyrir helgunarsvæði línunnar. Landsnet ítrekar að haft verði samband við fyrirtækið komi til framkvæmda í nálægð við línuna, sjá nánar umsagnir Landsnets vegna aðalskipulagsbreytingu fyrir sama svæði.

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Takk fyrir erindið

Náttúruverndarstofnun mun ekki veita umsögn um verkefnið á kynningarstigi, en stofnunin áskilur sér rétt á að veita umsögn á síðari stigum. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á nattura@nattura.is (*mailto:nattura@nattura.is*)

Höfundur: Axel Benediktsson/axelb@ust.is

Sent inn þann: 11.02.2025 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Hjálögð er umsögn Veðurstofu Íslands.

Höfundur: Hlíf Sævarsdóttir/hlifsae@vedur.is

Sent inn þann: 13.02.2025 , **Fyrir hönd:** Veðurstofa Íslands


Ísafjarðarbær
Bt. Helgu Þuríðar Magnúsdóttur

Dags. 13. febrúar 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0306

Með erindi dags. 7. janúar sl. óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um breytingu á deiliskipulagi sem felst í að nýtt iðnaðarsvæði verður skilgreint í Seljalandshverfi og íbúðarsvæði Í8 verður minnkað sem því semur.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytingu þessa.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Mál nr. 0015/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0015/2025, Seljalandshverfi, deiliskipulagsbreyting (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi

Höfundur: Hlynur Reynisson/hlynur@hevf.is

Sent inn þann: 17.02.2025 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða